

83. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskar fræða 12. sept. 2017, kl. 12:30.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Aðalbjörg Bragadóttir, Ingibjörg Andrea Jóhannsdóttir, María Carmen Magnúsdóttir (kom korterri eftir að fundurinn hófst), Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir.

Dagskrá:

- Íþróttahúsamálið – staða/niðurstaða þess
- Húsnæðismál, m.a. framkvæmdir Ríkiseigna í sumar
- Umsóknir og nemendur. (Fjöldi, hvaðan þeir koma, annað)
- Starfsmannamál
- Þriðja árið í nýju kerfi. Staðan.
- Önnur mál.

Gunnar setti fund og bauð fólk velkomið.

- **Íþróttahúsamálið – staða/niðurstaða þess**
Halldór Páll fór lauslega yfir lykilatriði í samningi Bláskógabyggðar við Ríkið um íþróttamannvirki á Laugarvatni. Halldór Páll kynnti 4. grein úr samningum en þar er fjallað um afnot Menntaskólans af íþróttamannvirkjum á Laugarvatni. Nokkur umræða skapaðist um þessi mál. Fundarmenn voru ánægðir með þá niðurstöðu sem hefur náðst í málinu. Nefndin hvatti til þess að ML og Bláskógabyggð geri samning sín á milli um notkun skólans af íþróttamannvirkjum.
- **Húsnæðismál, m.a. framkvæmdir Ríkiseigna í sumar**
Halldór Páll greindi frá því að í sumar hófust endurbætur á starfsmannahúsnæði ML. Það sem ekki klárast á þessu ári verður lokið við á næsta ári. Halldór Páll lýsti yfir ánægju með tilfærslu húsnæðis ML yfir til Ríkiseigna.
Halldór Páll greindi síðan frá því að vistin sé fullnýtt og þurfti skólinn að leigja þrjár íbúðir af Héraðsskólanum í einni blokk í þorpinu.
- **Umsóknir og nemendur. (Fjöldi, hvaðan þeir koma, annað)**
Áslaug áfangastjóri fór yfir skjal sem sýnir fjölda nemenda eftir bekkjum, kynjahlutfall, hvaðan þeir koma o.s.frv. Fylgiskjal I.
Gunnar spurði um helstu skipulagsatriði tengd næsta skólaári. Halldór Páll greindi frá því að skipuleggja þyrfti svokallað lokaverkefni sem er áfangi á lokaárinu í nýja kerfinu. Í framhaldinu skapaðist umræða um námsframboð og vinnurými.
- **Starfsmannamál**
Halldór Páll fór yfir helstu breytingar í starfsmannamálum.
- **Þriðja árið í nýju kerfi. Staðan.**
Halldór Páll fór yfir nokkur atriði. Áfangar verða kannski færðir á milli anna. Annars verður staðan metin betur þegar líður á þetta skólaár. Ingibjörg Andrea sagði að

álagið væri mjög mikið í nýja kerfinu og að stemmningin í bekknum hennar væri sú að betra væri að hafa námið á fjórum árum.

Halldór Páll greindi frá því að til stendur að halda samráðsfundi milli grunnskólanna á svæðinu og ML. Fyrsti fundurinn verður næstkomandi föstudag. Nokkur umræða skapaðist um skilin á milli grunnskólans og framhaldsskólans.

- **Önnur mál.**

- * Halldór Páll sagði að fjárhagsstaða skólans væri jákvæð. Hann fór yfir nokkur atriði í tengslum við framlög til skólans.

- * Skólameistari sagði frá því að nýnemar Kvennaskólans koma í heimsókn í dag og á morgun.

- * Halldór Páll greindi frá því að ML er að fara af stað með grænt bókhald. Hann sagði frá nokkrum lykilpáttum í því.

- * Gunnar spurði um hvernig gengi að láta nemendur flokka rusl. Halldór Páll sagði að það gengi ekki alveg nógu vel, en það stendur til bóta.

Fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði Áslaug Harðardóttir